

MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR*

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023

*umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingar á lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018 (ýmsar breytingar) FRN26040125
Ráðuneyti	Félags- og húsnæðismálaráðuneyti
Stig mats	☒ Frummat, sbr. 1. gr. ☐ Endanlegt mat, sbr. 10. gr.
Dags.	13. júlí 2026

A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifabáttum fyrir ríkið

1. Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifabættir á fjárhag ríkissjóðs.

Fyrirhugað er að leggja fram frumvarp til laga um breytingar á lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, með það að markmiði að stuðla að bættu jafnrétti og aðgengi í þjónustu við fatlað fólk en það er eitt helsta atriðið sem samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (hér eftir SRFF), sem lögfestur var hér á landi þann 12. nóvember 2025, kveður á um. Þó sveitarfélög beri almennt rekstrarlega og fjárhagslega ábyrgð á skipulagi og gæðum þjónustunnar, sbr. 1. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 38. gr. laganna, hafa hinar fyrirhuguðu breytingar fjárhagsleg áhrif á ríkissjóð sem verka bæði til einhvers útgjaldaauka en jafnframt hagræðingar.

Hér á eftir er gerð grein fyrir áætluðum fjárhagsáhrifum:

A. Lögfesting SIS-mats.

Lagt er til að ákvæði um samræmt, staðlað mat á umfangi stuðningsþarfa (hér eftir SIS-mat) verði tekið upp í 3. gr. laganna. Lögfest verði að matið skuli lagt til grundvallar veitingu þjónustu samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018. Breytingin myndi samræmast gildandi reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk, nr. 1123/2025, þar sem SIS-mat er lagt til grundvallar við mat á útgjaldaþörf og fjármögnun þjónustu. Yfirgnæfandi meirihluti (>95%) notenda þjónustu skv. lögum nr. 38/2018 eru með SIS-mat og mun breytingin ein og sér ekki hafa teljandi fjárhagsleg áhrif. Með lögfestingu SIS-mats getur þjónustuveitandi stuðst við það í áætlanagerð við framkvæmd þjónustu. Ekki er gert ráð fyrir að breytingin hafi bein áhrif á tekjur eða útgjöld ríkisins en óbein áhrif geta birst.

B. Stuðningsáætlun byggja á SIS-mati.

Lagt er til að lögfest verði að sveitarfélög og þjónustusvæði skuli, við gerð einstaklingsbundinnar þjónustuáætlunar, byggja á niðurstöðu SIS-mats. Breytingin hefur ekki fjárhagsleg áhrif gagnvart ríkinu eða jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem innleitt hefur ný lög sbr. lið A. Ekki er gert ráð fyrir að breytingin hafi áhrif á tekjur eða gjöld ríkisins.

C. „Einstaklingsbundin þjónustuáætlun“ verði „stuðningsáætlun“.

Um er að ræða tæknilega breytingu til samræmis við 22. gr. laga nr. 86/2021.

Ekki er talið að breytingin muni hafa áhrif á ríkissjóð.

D. Stærð þjónustusvæða.

Til að tryggja samræmi, samþættingu og gæði þjónustu í starfi félagsþjónustu sveitarfélaga er talið skynsamlegt að horfa til þess að lágmarksfjöldi íbúa á þjónustusvæði í málefnum fatlaðs fólks verði 6.000 íbúar.

Gera má ráð fyrir að breytingin leiði til hagræðis í rekstrar- og stjórnunarkostnaði minni sveitarfélaga. Ekki er talið að breytingin muni hafa áhrif á ríkissjóð.

E. Þjónusta við fötluð börn og fjölskyldur þeirra.

E.1 Réttur til þjónustu í nærumhverfi.

Lagt er til að í lögnum verði sérstök ákvæði um rétt fatlaðra barna til að alast upp hjá fjölskyldu sinni og njóta þjónustu í nærumhverfi. SRFF fjallar sérstaklega um afstofnanavæðingu og mikilvægi inngildingar í samfélagið í stað aðgreiningar. Sú þjónusta sem er bundin í lög nr. 38/2018 og talin er upp í sérstökum greinum, svo sem frístundaþjónusta og stuðningsfjölskyldur, er þess eðlis að hún telst aðgreinandi ef boðið er upp á hana í sérstökum húsum eða eingöngu fyrir fötluð börn. Þessi þjónusta getur verið mikilvæg fyrir ákveðinn hóp barna og þarf því áfram að vera tryggð í lögum en eingöngu ef ekki tekst að veita fullnægjandi þjónustu í nærumhverfi barnsins. Því er mikilvægt að setja fyrirvara við hvert og eitt þessara atriða að fötluðu barni standi einungis þessi þjónusta til boða ef þjónusta inn á heimilið og í nærumhverfi barnsins, svo sem heimaskóla og frístund, dugar ekki. Mikilvægt er að þjónusta sem veitt er utan heimilis, sbr. ofangreint verði aldrei fyrsta val þjónustuveitanda.

Þessi liður tengist lið D hér að framan um lágmarksstærð þjónustusvæða og er því ekki talið að breytingin muni hafa áhrif á ríkissjóð.

E.2 Bann við gjaldtöku fyrir frístundaþjónustu.

Lagt er til að skýrt verði kveðið á um að óheimilt sé að innheimta gjald fyrir frístundaþjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni sem kveðið er á um í 16. gr. laganna og er því ljóst að sveitarfélög verði af tekjum vegna þjónustunnar. Gjaldtaka fyrir frístundaþjónustu hefur staðið undir litlum hluta af kostnaði sveitarfélaga við veitingu þjónustunnar skv. þeim gögnum sem þau skiluðu til ráðuneytisins árið 2024. Má gera ráð fyrir að gjaldtaka sveitarfélaga vegna þeirrar þjónustu hafi numið 80-100 m.kr. á landsvísi árið 2024. Ekki er talið að breytingin muni hafa áhrif á ríkissjóð.

F. Afnám tímamarka framkvæmdaáætlunar í málefnum fatlaðs fólks.

Lagt er til að felld verði brott sú skylda að leggja fram þingsályktunartillögu „innan árs frá alþingiskosningum“. Tenging framlagningarskyldu við tímasetningu alþingiskosninga hefur í framkvæmd reynst óheppileg, einkum í ljósi þess hve tíðar kosningar hafa verið undanfarin ár.

Ekki er talið að breytingin muni hafa áhrif á ríkissjóð.

G. Verkefnisstjórn um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks verði „focal point“.

Lagt er til að verkefnisstjórn um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks (landsáætlun) fái skýran grundvöll í lögum og verði skilgreind sem sú samhæfingarmiðstöð innan stjórnsýslunnar („*focal point within government*“) sem 1. mgr. 33. gr. SRFF gerir ráð fyrir að sé starfandi í hverju aðildarríki samningsins. Samkvæmt núverandi fyrirkomulagi er réttindavakt félags- og húsnæðismálaráðuneytis, sem starfar á grundvelli 3. gr. laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, nr. 88/2011, sú samhæfingarmiðstöð innan stjórnsýslunnar sem vikið er að í 1. mgr. 33. gr. SRFF. Með frumvarpi til laga um réttindavernd fatlaðs fólks, sem nú er til meðferðar á Alþingi, er lagt til að gildandi lög nr. 88/2011 verði felld úr gildi og að réttindavaktin verði jafnframt lögð niður. Í greinargerð með frumvarpinu segir að reiknað sé með að verkefnisstjórn um landsáætlun um innleiðingu SRFF verði sú miðstöð.

Sú ráðstöfun að leggja niður réttindavaktina og flytja samhæfingarhlutverk hennar skv. 1. mgr. 33. gr. SRFF til verkefnisstjórnar um landsáætlun er í grunninn talin kostnaðarhlutlaus fyrir ríkissjóð. Fjarheimildum til verkefnisins verður ráðstafað innan ramma laga um opinber fjármál nr. 123/2015, þar sem fjármunir munu fylgja verkefnum frá réttindavaktinni yfir til þeirra aðila sem við þeim taka, þ. á m. verkefnisstjórnarinnar. Ráðstöfunin felur því í sér innri tilfærslur á fjarheimildum fremur en ný ríkisútgjöld.

H. Samræmt mat á húsnæðisþörf.

Lagt er til að í lög nr. 38/2018 verði innleitt samræmt og heildstætt mat á húsnæðisþörf fatlaðs fólks á landsvísi með það að markmiði að tryggja jafnræði í þjónustu og að ákvarðanir um þjónustu og búsetu byggji á sambærilegum, gagnsæjum og hlutlægum viðmiðum. Í því felst annars vegar að þróa og innleiða sameiginlegt grunnmat á stuðningsþjónustu sveitarfélaga og hins vegar að móta landsbundin viðmið um mat á þörf fyrir sértækt húsnæði.

Breytingin tengist aðgerð C.3. *Húsnæði við hæfi* í Landsáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024-2027.

Um er að ræða óverulegan kostnað sem ekki er talið að muni hafa áhrif á ríkissjóð.

I. Forgangur skjólstæðinga sem sæta öryggisráðstöfunum skv. dómsúrlausn.

Lagt er til að í 9. gr. verði kveðið á um að einstaklingar sem hlotið hafa dómsúrlausn um að sæta lögakveðnum öryggisráðstöfunum skuli njóta forgangs á biðlistum sveitarfélaga eftir húsnæði á þeirra vegum, þ.e. við úthlutun á áfangaheimilum, sjálfstæðri búsetu með stuðningi og íbúðakjörnum. Þessi tillaga helst í hendur við frumvarp til laga um framkvæmd öryggisráðstafana samkvæmt dómsúrlausn, sem nú er til meðferðar á Alþingi. Forgangi er einkum ætlað að gilda þegar einstaklingur lýkur dvöl sinni á öryggisgæslustöðum skv. umræddu frumvarpi, þ.e. úrræðum á vegum nýrrar Miðstöðvar um öryggisráðstafanir eða réttargeðdeildum á vegum sjúkrahúsa.

Lögfesting forgangs er talin hafa óveruleg fjárhagsleg áhrif fyrir ríkissjóð.

J. Innleiðing á samræmdri grunnskráningu.

Lagt er til að í stað núgildandi 29. gr. (sem einskorðast við meðferð persónuupplýsinga) komi ákvæði sem fjalli um skyldur ábyrgðaraðila þjónustu skv. lögum nr. 38/2018 til þess að skrá, meðhöndla og miðla upplýsingum um þjónustuna í heild og einstaka þjónustubætti.

Breytingin er í samræmi við sameiginlega framtíðarsýn ríkis og sveitarfélaga um innleiðingu upplýsingatækni til þess að styðja við framþróun í félagsþjónustu. Þjónustan samanstendur af þremur stöðum sem eru a) grunnþjónusta við alla íbúa, b) þjónusta við aldraða og c) þjónusta við fatlað fólk. Þjónusta sem sveitarfélög veita fötluðu fólki vegur þar hvað þyngst og tekur til sín um helming þess fjármagns sem ráðstafað er. Fyrirliggjandi aðgerðaáætlun á grundvelli sameiginlegrar framtíðarsýnar gerir ráð fyrir að innleiðingin fari fram yfir þrjú ár, þ.e. 2026 til og með 2028, og muni skila sveitarfélögunum verulega bættum möguleikum til þess að stýra þjónustunni með sem hagkvæmustum hætti. Aðgerðir skv. áætluninni gagnvart þjónustu við fatlað fólk hafa verið fjármagnaðar á innleiðingartímanum til og með 2028 með 150 m.kr. framlagi úr jöfnunarsjóði. Gert er ráð fyrir því að ábatagreining fari fram þegar upplýsingatæknilausnir hafa verið innleiddar og að fjárhagleg áhrif fyrir tímabilið eftir 2028 verði metin á grundvelli þeirrar greiningar.

K. Vettvangur samráðs við fatlað fólk.

Lagt er til að skýrar verði kveðið á um skyldu sveitarfélaga til að tryggja virkt samráð við fatlað fólk með því að starfrækja formlegan vettvang á öllum þjónustuvæðum.

Ekki er talið að breytingin muni hafa áhrif á ríkissjóð.

2. Tekjubreytingar.

– Sjá gátlista fyrir mat á fjárhagsáhrifum.

3. Útgjaldabreytingar.

– Sjá gátlista fyrir mat á fjárhagsáhrifum.

4. Eignabreytingar.

– Sjá sérstakan gátlista fyrir mat á fjárhagsáhrifum.

5. Aðrir áhrifaþættir varðandi ríkisfjármál.

- a) Samræmi við viðmið og sjónarmið um fyrirkomulag á útgjaldastýringu og umbúnað í fjárlögum.
- b) Samræmi við viðmið um framsetningu fjárlaga og reikningshaldslegan grundvöll samkvæmt lögum um opinber fjármál.
- c) Uppbygging skattkerfis og tekjuöflunar ríkissjóðs.

- d) Forsendur og umbúnaður þjónustugjalda – lagakröfur.
- e) Rekstrarform ríkisstarfsemi.
- f) Opinber innkaup og útboð.
- g) Eignaumsýsla ríkisins.
- h) Réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna.
- i) Ríkisstyrkir og ívilnanir, þ.m.t. samræmi við reglur ESA, sbr. 61. gr. EES-samningsins. Ath. tilkynningarskyldu með tveggja mánaða fyrirvara.

B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaætlun – fjármögnun

1. Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins:
 - a) í gildandi fjárlögum
Á ekki við.
 - b) í fjárlagafrumvarpi komandi árs
Á ekki við.
 - c) í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar
Á ekki við.
2. Hafi ekki þegar verið gert ráð fyrir útgjöldum við verkefni, hvernig er þá ætlunin að finna þeim stað innan útgjaldaramma málaflokks, t.d. með tilfærslu fjármuna eða með því að draga úr öðrum útgjöldum?
3. Tengist einhver ný eða aukin tekjuöflun verkefninu?

C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni

1. Hagræn áhrif á heildareftirspurn og einstaka markaði – hagstjórnarsjónarmið.
Á ekki við.
2. Áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði, hversu mörg fyrirtæki verða fyrir áhrifum og hvers konar fyrirtæki? Einföldun laga eða stjórnsýslu? Leitað umsagnar ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur, sbr. lög nr. 27/1999?
Á ekki við
3. Samkeppnisskilyrði.
 - a) Líkur á því að fjöldi fyrirtækja á markaði takmarkist með beinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér einhvers konar einkarétt, leyfiskerfi eða kvóta).
Aðgangshindranir ekki til staðar.
 - b) Líkur á því að fyrirtækjum á markaði fækki með óbeinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér aukinn kostnað við inngöngu á markað eða tekur aðeins til hluta starfandi fyrirtækja).
Aðgangshindranir ekki til staðar.
 - c) Takmarkanir á möguleikum fyrirtækja til þess að mæta samkeppni vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin hefur áhrif á verð fyrirtækja eða eðli vörunnar, t.d. staðlar eða ef

aðgerðin takmarkar sölusvæði, svigrúm til að auglýsa eða til að ákveða hvernig vara er framleidd).

Aðgangshindranir ekki til staðar.

- d) Takmarkanir á frumkvæði fyrirtækja til að stunda virka samkeppni vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér að fyrirtæki verði undanþegin samkeppnislögum eða ef fyrirtæki bera skyldu eða eru hvött til að skipta með sér hvers konar viðskiptalegum upplýsingum)

Aðgangshindranir ekki til staðar.

D. Önnur áhrif

1. Áhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Gera má ráð fyrir að bann við gjaldtöku í frístund fyrir fötluð börn lækki þjónustutekjur sveitarfélaga um 80-100 m.kr. á landsvísi, en gjaldtakan hefur aðeins staðið undir litlum hluta kostnaðar þjónustunnar. Búast má við á móti að lágmarksstærð þjónustusvæða geti leitt til aukins hagræðis sem og betri yfirsýnar með samræmdri grunnskráningu.

– Ath. að skylt er að leggja slíkt mat fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga til umsagnar og tilkynna niðurstöðu máls til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins.

2. Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu á Íslandi).

– Ath. tilkynningarskyldu til ESA með fjögurra mánaða fyrirvara, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 666/2011.

3. Áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000.

Engin áhrif.

4. Áhrif á byggðalög.

Tillaga um lágmarksstærð þjónustusvæða setur ákveðinn ramma um samstarf sveitarfélaga sem reikna má með að geti haft áhrif á byggðalög og verkað sem hvati til þess að samhæfa opinbera þjónustu. Er í því efni höfð hliðsjón af [leiðbeiningum innviðaráðuneytis um opinbera þjónustu og jöfnun aðgengis](#), frá ágúst 2025.

5. Áhrif á frjáls félagasamtök.

6. Áhrif á jafnrétti kynjanna.

– Sjá leiðarvísi fyrir mat á jafnréttisáhrifum.

– Sjá greiningarramma fyrir jafnréttismat.

Markmið samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem lögfestur hefur verið hér á landi, er að efla, verja og tryggja full og jöfn mannréttindi og grundvallarfrelsi fyrir allt fatlað fólk.

Áformaðar breytingar á IV. kafla laganna um réttindi fatlaðra barna til að alast upp hjá fjölskyldu sinni og njóta þjónustu í nærumhverfi, sem og bann við gjaldtöku fyrir frístundaþjónustu skv. 16. gr., munu hafa veruleg og jákvæð áhrif á stöðu kvenna. Stjórnsýslu- og réttarframkvæmd hér á landi sýnir glögg að mæður fatlaðra barna beri að jafnaði mun ríkari umönnunarbyrði en feður. Þær séu líklegri til að minnka við sig vinnu og fara í hlutastarf eða hverfa af vinnumarkaði til að sinna umönnun barna sinna. Með því að tryggja og lögfesta rétt til þjónustu í nærumhverfi og kveða skýrt á um bann við gjaldtöku fyrir frístundaþjónustu er dregið úr fjárhagslegri umönnunarbyrði fjölskyldna. Þessi breyting styður sérstaklega við atvinnuþátttöku mæðra, stuðlar að auknu og fjárhagslegu sjálfstæði þeirra og vinnur gegn launabili kynjanna.

Nýtt ákvæði sem kveður á um að einstaklingar sem sæta lögákveðnum öryggisráðstöfunum samkvæmt dómsúrlausn skuli njóta forgangs a biðlistum sveitarfélaga eftir húsnæði mun hafa kynbundin áhrif á notendur. Þótt opinber tölfraði um kynjaskiptingu dómbola sé ekki birt reglulega af persónuverndarástæðum, sýnir greining á dómaframkvæmd og álitum

Umboðsmanns Alþingis að yfirgnæfandi meirihluti þeirra einstaklinga sem gert er að sæta öryggisráðstöfunum samkvæmt 62. gr. almennra hegningarlaga eru karlmenn. Tillagan um forgang þessa hóps á biðlistum sveitarfélaga eftir húsnæði mun því fyrst og fremst bæta húsnæðisöryggi fatlaðra karla sem dvalið hafa á öryggisgæslustað, s.s. réttargeðdeild, vegna skorts á viðeigandi búsetuúrræðum hjá sveitarfélögum.

7. Áhrif á lýðheilsu.

Engin áhrif.

8. Áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir.

Engin áhrif.

9. Áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri.

Engin áhrif.

10. Áhrif á stjórnsýslu, svo sem hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni.

Áform um að veita einstaklingum sem sæta öryggisráðstöfunum samkvæmt dómsúrlausn forgang á biðlistum eftir húsnæði hjá sveitarfélögum kalla á náið samstarf heilbrigðiskerfis, dómskerfis og sveitarfélaga. Slík breyting getur haft jákvæð áhrif á starfsemi Landspítala, einkum réttargeðdeildar, þar sem hún getur auðveldað útskrift sjúklinga í viðeigandi búsetuúrræði og dregið þannig úr fráflæðisvanda deildarinnar. Forsenda þess er þó að fyrir hendi sé virkt og tímanlegt samstarf milli réttargeðdeildar, dómstóla og viðkomandi sveitarfélags. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur bent ráðuneytinu á mikilvægi þess að samtal við sveitarfélög hefjist nægilega snemma í hverju máli svo tryggja megi útskrift úr öryggisgæslu í úrræði á vegum sveitarfélags.

Hvað varðar áform um lágmarksstærð þjónustusvæða er ljóst að allmörg smærri sveitarfélög munu þurfa að hefja viðræður um endurskoðun núverandi samstarfs og eftir atvikum gera nýja samstarfssamninga um sameiginleg þjónustusvæði. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur lýst yfir stuðningi við þessi áform og telur sveitarfélög almennt vel í stakk búin til að takast á við þær breytingar sem af þeim leiða en áriðandi er að ætla sveitarfélögunum ákveðinn en þó rúman tímaramma til þess að hrinda breytingum í framkvæmd.

11. Áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa, svo sem aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar.

Verði áformin að veruleika munu þau hafa áhrif á stöðu fatlaðs fólks. Markmið lagasetningarinnar er að stuðla að bættu jafnrétti og aðgengi í þjónustu við fatlað fólk, en það er eitt helsta atriðið sem samningur SP um réttindi fatlaðs fólks kveður á um.

12. Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun.

Engin áhrif.

E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á

1. Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir ríkissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag.

Ekki er búist við að breytingar þessar hafi áhrif á tekjur eða útgjöld ríkissjóðs.

2. Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á.

Frummat á áhrifum áformaðra lagabreytinga bendir til að ef þær ná fram að ganga muni þær hafa mögulega hafa áhrif á útteilingu fjármuna hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Ekki er búist við að breytingarnar hafi marktæk áhrif á jafnvægi tekna og útgjalda.

3. Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat).

F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati
1. Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR? 2. Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma? 3. Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin?